

Gunnar Kristinn Þórðarson



SÝSLUMAÐURINN

Efni: Stjórnsýslukæra vegna lögbrota kjörinna fulltrúa meirihlutans í Reykjavíkurborg í aðdraganda kosninga 2018.

SÍÐA: 1/2
DAGS: 21.02.2019

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu móttók kæru þína dags. 14. febrúar 2019 sem barst með tölvupósti þann sama dag, en þar segir:

„Undirritaður kærir hér með framkvæmd og niðurstöðu borgarstjórnarkosninga á árinu 2018. Kæran er meðfylgjandi.“

Sama kæra barst embættinu einnig frá dómsmálaráðuneytinu með bréfi dags. 15. febrúar 2019, hvar segir; Með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 framsendist embætti yðar fyrrgreind kæara.“

Í kærubréfi segir m.a.: „Undirritaður oddviti Karlalístant í borgarstjórnarkosningunum árið 2018, kærir hér með framkvæmd og niðurstöðu borgarstjórnarkosninga sama árs vegna ólögðrar íhlutunar þáverandi meirihlutans í hinu lýðræðislega ferli og vegna blekkinga sem meirihlutinn beitti Persónuvernd vegna sms sendinga til tiltekinna þjóðfélagshópa í aðdraganda kosninga.“

Að lokinni málavaxtalýsingu og niðurstöðu kæranda, segir: „Undirritaður kærir hér með framkvæmd borgarstjórnarkosninganna árið 2018 og krefst þess að hún verði úrskurðuð ólögð að formi og efni til, og að boðað verði til nýrra kosninga eins fljótt og verða má.“

I.

Ákvæði 1. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 kveður á um almenna heimild til þess að kæra sveitarstjórnarkosningu í heild sinni. Ekki er að finna í ákvæðum laganna heimildir til þess að kæra einstakar ákvarðanir eða ráðstafanir sem gerðar eru í aðdraganda eða við framkvæmd kosninganna.

SÍÐA: 2/2

II.


Kærufrestur samkvæmt ákvæði 1. mgr. 93. gr. laganna er settur sjö dögum frá því að úrslitum kosninga er lýst, og er hafið yfir allan vafa að sá kærufrestur er löngu liðinn. Þá er hvergi að finna heimild til að framlengja kærufrestinn hvorki í lögnum sjálfum né í athugasemdum með frumvarpi til laganna.

III.


Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að kæran verði hvorki tekin til efnismeðferðar né úrskurðar eins og krafist er. Kærinni er vísað frá.

Ákvörðun þessi er kæránleg til dómsmálaráðuneytisins sbr. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu



Þórólfur Halldórsson
sýslumaður



Þuríður Árnadóttir
staðgengill sýslumanns